

Ed.

363. Tillaga

til þingsályktunar um ávarp til konungs.

Frá: Jens Pálssyni, Sigurði Stefánssyni og Stefáni Stefánssyni.

Efri deild Alþingis ályktar að senda konungi svohljóðandi

Á V A R P:

Mildasti herra konungur!

Allra-hæstur boðskapur yðar hátignar, er ráðherra Íslands flutti Alþingi, hefir verið þinginu og þjóð vorri hið mesta gleðiefni.

Vjer minnumst föður yðar hátignar, hins lofsæla konungs vors, Friðriks hins áttunda, með einlægum söknuði. Nafn hans mun ætið geymast í þakklátri minning hinnar íslensku þjóðar.

Konungleg orð yðar hátignar til Alþingis, eru oss vottur þess, að yðar hátign beri hinn sama hlýja velvildarhug til lands vors og þjóðar, sem vjer svo oft og víða höfðum orðið varir við af hendi hins lofsæla konungs vors, föður yðar hátignar, og fær það oss mikillar gleði, að mega bráðlega eiga þess von, að geta fagnað yðar hátign hjer heima, og vottað yður þegnlega lotning vora.

Á Alþingi því, sem nú er að ljúka störfum sínum, höfum vjer falið ráðherra Íslands, að bera það fram við yðar hátign, að gerðar verði tilraunir til þess, að leiða til farsælla lykta nýja samninga um sambandið milli Danmerkur og Íslands. Það er einlæg von vor, að konungleg samhygð og stoð yðar hátignar í þessu mikla velferðar- og áhugamáli Íslands, verði til þess, að þeir samningar mættu svo vel takast, að þeir geti orðið báðum þjóðum ánægjuefni, og leitt til góðs samlyndis og samvinnu milli þjóðanna. Að þessu viljum vjer vinna af fremsta megni.

Mildasti herra konungur!

Vjer biðjum guð að blessa yðar konunglegu hátign, yðar konunglegu ætt, ríkisstjórn, lönd og þegna. —